

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 87 24. desember 1971, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 1. febrúar 1974.

Björn Jónsson.

Hallgrimur Dalberg.

4. janúar 1974.

Nr. 40.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

| | |
|--|--------------|
| 1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga | kr. 2 600.00 |
| 2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma | — 800.00 |
| 3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði | — 800.00 |
| 4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.) | — 800.00 |
| 5. Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum .. | — 150.00 |
| 6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar | — 1 200.00 |
| 7. Fyrir fjármark | — 250.00 |
| 8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross | — 150.00 |
| 9. Fyrir innköllun, þrjár birtingar | — 1 300.00 |
| 10. Fyrir auglýsingu um skiptafund | — 500.00 |
| 11. Fyrir einkaleyfisumsókn | — 500.00 |
| 12. Fyrir ógildingarstefnu | — 1 300.00 |
| 13. Fyrir dómsbirtingu | — 1 300.00 |
| 14. Fyrir tilkynningu um iðjuleyfi | — 400.00 |

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 110.00 krónum fyrir hvern dálkssentimetra.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. mars 1974. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 99 8. mars 1973, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. janúar 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

6. janúar 1974.

Nr. 41.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir rafreikniþjónustu reiknistofu
Raunvísindastofnunar Háskólans.

Leigugjald fyrir rafreikni reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskólans greiðist sem hér segir: